

# Afreksmaðurinn Jesú. 1

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Fyrir hin ýmsu afrek eru menn verðlaunaðir. Og fá sumir hengda á sig verðlaunapeninga úr gulli, silfri eða bronsi. Fer eftir því hve mikilvægt afrekið var sem viðkomandi vann, að mati dómnefndar.

Menn telja sem sagt vera sjálfsagt mál að hengja peninga á fólk sem talið er skara framúr. Þegar kemur að þessum flokki er listinn reyndar óendanlegur. Sumir fá meira að segja verðlaun fyrir háan aldur og að hafa stundað vinnuna sína í yfir fimmtíu ár. Sumt fólk þiggur verðlaun fyrir fegurð. Samanber fegurðardrottningar. Þótt þær blessaðar ráði engu um hvernig andlitskapnaður þeirra er eða lögun líkamans. Við erum dugleg að verðlauna hvort annað og " hvetja " áfram. Til dæmis á sviði íþróttar. Allt er þetta nú gott og gilt og er sjálfsagt að fólk fái að vita þegar vel er gert og það hefur afrekað hluti, sem kannski engum öðrum hefur tekist hingað til að gera.

Mælikvarði afreka miðast oft við hver talar og hvaða mat viðkomandi leggur á þetta orð: " Afrek. "

Til er maður sem lyft hefur hvað mestu Grettistaki í veraldarsögunni sem alla tíð hefur verið afskaplega umdeildur, fyrirlitinn, elskaður, hataður, og allt þar á milli. Að sjálfsögðu kom þessi maður í heiminn eins og hver annar. Kona lagðist fyrir og fæddi barn eftir að hafa alið afkvæmi sitt í kviði sínum í níu mánuði. Getnaður mannsins var samt einstakur. Karlmaður kom þar hvergi nærri. Konan var hrein mey þegar hún fæddi sitt fyrsta barn. Barnið sem hún gekk með rauf meyarhaft hennar er það kom í heiminn og fyllti í fyrsta skipti lungun af súrefni. Hvaða kona önnur en María, líka nefnd Mey, upplifað slíkt?

Já vinir! Við erum að tala um fæðingu Jesú Krist, og um Maríu, móður hans. Heilagur Andi yfirskyggði Maríu með þeim afleiðingum að líf kviknaði í kviði hennar. Af þessu getum við séð að Jesú Kristur var ekki getinn á sama hátt og ég og þú heldur greindur frá syndugu fólk strax í móðurkviði. Var honum enda ætlað mikið hlutverk sérhvern lífdag sinn hér á jörðinni sem ekki mátti fara úrskeiðis. Afrek frelsarans hafa enn ekki verið sleginn.

Þegar við skoðum afrek Jesú Krists verða afrek manna ósköp innantóm, hjákátleg og eigingjörn og til þess eins fallinn að upphefja viðkomandi mann á pall sem stökk, hljóp, söng eða synti svo vel, en vann lítið sem ekkert í þágu náungans á meðan hann lifði í ljóma frægðarinnar og árin þar á eftir. Erfitt er að komast að annarri niðurstöðu vilji maður vera hreinskilinn gagnvart afrekum Jesú andspænis afrekum fólksins fyrir eigin tilverknað, sem oftast en ekki orka tvímælis.

En hvaða glæsilega árangri getur Jesús státað af sem vel menntaður maðurinn getur ekki leikið eftir?

Gerir höfundur sér ekki grein fyrir að menn hafa sent mönnum geimför til tunglsins og flaug til reikistjörunnar mars? Ómannaða að vísu. Er til meira afrek en það að senda flaug til Mars og smíða fullkomnar tölvur og hugbúnaði margskonar? Sannar það ekki yfirburði mannsins?

Jú, góðir hálsar! Meira afrek er til þótt tæknibúnaðurinn sé stórfenglegur og haganlega útfærður. Jesús Kristur komst í gegnum sitt líf án þess að syndga. Allt líf Jesú, mínútu eftir mínútu, klukkustund eftir klukkustund, dag frá degi, mánuð til mánaðar, ár til árs, einkenndist af hollustu hans og tryggð við Föðurinn á himnum. Jesú hugsaði enga illa hugsun. Gerði engum neitt til miska. Ásælist ekki eigur náungans. Öfundaði ekki menn né lagði steina í götu þeirra. Þess í stað var hann reiðubúinn til að rétta fram hjálpanði og líknandi hönd hvenær sem á þurfti að halda og styðja hvern þann sem ætlaði að hníga. Og Faðirinn gaf Syni sínum allt vald á himni og jörð eftir upprisuna frá dauðum. Allir menn þurfa við endir daganna að gera reiknisskil gjörða sinna. Því er best að játa Jesú strax í dag og sleppa framhjá óhugnanlegum tíma sem nefndur er dómsdagur í hinni helgu bók kristinna manna, Biblíunni.

Ert þú, lesandi minn, áreiðanlega viss um að sjá eitthvert afrek samfara því að vera syndlaus og manneskja full afkærleika sem kappkostar það eitt að gera öðrum gott, og þannig uppfylla væntingar Föðursins sem sendi hann? Er slíkur hugsanagangur ekki á skjön við þankagang fólks, sem hugsar fyrst um eigin hag, síðan náungans? Sé náunginn yfirleitt til í vitund nábúans.

Takist þér að líta Jesú á þennan hátt þá er einnig komið hjá þér annað ljós yfir frelsarann og Jesú verður spennandi að hugsa um. Þá er einnig von til þess að menn geri sér einhverja hugmynd um hvílikur maður Jesú var og hve mjög hann þurfti að aga sjálfan sig til að hafa möguleika á að ná " tindinum. " Sem ekki var verðlaunapallur til að fá hengdan um hálsinn gullpening. Tindurinn þarna er fullnaðarsigur yfir honum sem hefur í sér dauðann, Satani. Hann vannst eftir krossdauðann, með upprisunni.

Þannig tókst Jesú að gera veldi óvinarins að lífvana auðn sem ekkert þrífst í nema hatur, reiði, hórdómur, ómennska og annað álíka sem engin maður sækist eftir að hafa í sjálfum sér en margir eru samt gegnsýrðir af, vegna þekkingarleysis á hinum eina sanna afreksmanni, Jesú Kristi.

Þeir sem ganga inn í sigur Jesú hafa möguleika á að drottna yfir eigin synd og smám saman gera hana útræka úr eigin verkum og framkvæmdum. Orðið kennir þetta óhikað. Afrekismaðurinn Jesú vann hið sanna, fullkomna afrek sem enginn annar getur, né heldur gat leikið eftir honum. Enginn annar hefur

slíka stjórn á sjálfum sér. Jesús einn gat gert verkið mögulegt frami fyrir Guði Föður.

Þegar það er síðan skoðað að Jesús dvaldi á jörðinni að öllu leiti sem maður með engin forréttindi umfram aðra menn, hvað allan breyskleika og tilfinningar varðar, kemur margt merkilegt í ljós. Jesús varð að glíma við sjálfan sig hvern dag lífs síns, alveg eins og ég. Maðurinn getur ekki sloppið frá rimmunni við sjálfan sig hvaða brögðum sem hann kann að brúka til að sleppa. Jesús þurfti að glíma á þessum vettvangi. En þarna skilur samt á milli afreksmannsins Jesús og "afreka" minna sem gera þau svo hjáróma og vesældarleg. Jesús lét aldrei undan freistingunni sama hvernig hún knúði dyra hjá honum og nálgadist hann. Á stundu freistinganna leit hann ávallt til Föðursins og hlaut styrk frá honum sem nauðsýnlegur var til að standast árásir djöfulsins. Bara á þann hátt var möguleiki fyrir hann að standa upp frá borðinu sem sigurvegari. Þar af leiðandi valdi Kristur að vera í faðmi Föðursins sérhvern dag sem gaf honum nægjanlegan þrótt og visku til að sigra daginn. Takið sérstaklega eftir þessu. Það er mikilvægt. Samkvæmt sínum eigin vilja. Baráttu þurfti frelsarinn engu að síður að heyja fyrir trú sinni. En honum var fullkunnugt um vilja Föðursins og það gerði gæfumuninn.

Afrek Jesú vannst fyrir takmarkalaus trú hans og endalausan kærleika til Föðursins og allra manna. Trú sem hugsaði um hag náungans. Þannig vannst verkið og gaf fullt frelsi sem engin maður gat frá honum tekið. Og þessa glímu við eigið mannlegt eðli viðurkennir hann í Opinberunarbókinni:

**" Sjá, ég stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mér. Þann er sigrar mun ég láta sitja hjá mér í háseti mínu, eins og ég sjálfur sigraði og settist hjá föður mínum í háseti hans. Hver sem eyra hefur, hann heyri hvað andinn segir söfnuðunum. "** ( Opb: 3. 20 – 22 )

Þarna talar Kristur um sigurinn yfir sérhverri tign og veldi sem fyrirfinnst á jörðinni. Sem merkir á móti að hann varð að kljást við hlutina sem á vegi hans urðu og sigra þá. Það er á hreinu. Engin getur mælt með því að maður sem gengur um allan daginn með hendur í vösum geti sigrað. Slíkur maður lætur hvaðeina flæða yfir líf sitt án þess að bera hönd fyrir höfuð sér og velja vont frá góðu og innleiða hið góða. Vilji menn eignast gott og farsælt líf og gerast sannir sigurvegarar yfir eigin aðstæðum og breyta þeim úr vondum í góðar verða þeir að standa í báðar fætur, fylltir trú og trausti á upprisinn Soninn.

Sigur verður ekki unnin ef menn stíga ekki fram og bjóða Satani, sem ofsækir þá, byrginn í Jesú nafni. Kristur viðurkennir þennan sannleika í ofanrituðum ritningartexta. Orðin, sem við vitnuðum í, eru sögð eftir að Kristur er risinn upp frá dauðum og sest við hægri hönd Föðursins. Sem segir okkur að

endanlegur sigur yfir syndinni og þar með dauðanum vannst ekki fyrr heldur en við líkamsdauða Jesú Krists og upprisu. Trú á Guðs Soninn er nauðsýnlegur í öllu ferlinu. Eins og líka Jesús vitnaði um er hann hafði fengið edikið hangandi á krossinum og við að gefa upp anda sinn til Föðurins.

**" Þar stóð ker fullt af ediki. Þeir settu njarðarvött fylltan ediki á ísópslegg og báru að munnni honum. Þegar Jesús hafði fengið edikið, sagði hann: Það er fullkomnað. Þá hneigði hann höfuðið og gaf upp andann. "** ( Jóh: 19. 29 – 30 )

Á þessu agnabliki gerðist það að maðurinn Jesús Kristur varð syndaförn fyrir allt mannkyn og hlaut verðlaunin sem hann sóttist eftir í lífinu. Að veita mér og þér hlutdeild með sér í hinu eilífa lífi á himnum. Hann elskaði nógu mikið til velja að sjálfdáðum að fórna sér. Krossinn, jafn skelfilegur og hann er, er þessi gullpeningur sem staðfestir stórkostlegt afrek sem gerir sérhvert annað afrek að ósköp aumingjalegri rödd. Afrek Jesú gagnast hverju mansbarni sem fæðist í heiminn á þann hátt að það fær eigið val um að fylgja frelsaranum og lifa, eða hafna honum og deyja. Eilífðin hefur engan endir. Eilífðin bara er. Líka þess vegna er svo mikilvægt fyrir manneskjuna að sjá afrek Jesú með réttum hætti, velja rétt og lifa. Jesú sagði önnur Orð á krossinum sem fræg eru orðinn:

**" Þá kallaði Jesús hárrí röddu: Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn! Og er hann hafði þetta mælt, gaf hann upp andann. Þegar hundraðshöfðinginn sá það, er við bar, vegsamaði hann Guð og sagði: Sannarlega var þessi maður réttlátur. Og fólkið allt, sem komið hafði saman að horfa á, sá nú, hvað gjörðist, og barði sér á brjóst og hvarf frá. "** ( Lúk :23. 46 – 48 )

Þarna er sigursveigurinn, verðlaunapeningurinn, kominn um háls sigurvegarans og hann búinn að vinna afrekið sem ekki verður endurtekið sökum stórfengleika síns og sérstöðu. Á krossinum lagði Guð nefnilega mínar og þínar syndir á herðar Sonarins. Og takið eftir einu. Vegna staðfestu hans, syndleysis og kærleika sem hann auðsýndi samborgurum sínum, var mögulegt fyrir Föðurinn að afmá skuldabréf lýðsins, mitt og þitt skuldabréf. Jesús var hin lýtalausa fórn Guðs sem fyrst og síðast sannaði og sýndi ást og elsku Drottins til mannanna barna:

**" Og um nón kallaði Jesús hárrí röddu: Elí, Elí, lama sabaktaní! Það þýðir: Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig." (Matt: 27. 46.)**

## Afrek Jesú 2.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Tölum meira um afreksmanninn Jesú og reynum jafnframt að leggja réttan skilning á hvað átt er við þegar talað er um afreksverk hans. Afrek Jesú voru nefnilega öll unnin á svolítið öðrum forsendum heldur en manna sem ekki þekkja Krist. Allt fólk hefur ákveðin metnað í sjálfum sér. Því finnst oft freistandi að takast á við það sem ógnar og aðrir horfa til en leggja samt ekki í. Maður sem þannig hugsar er raunverulega að svala eigin metnaði og löngunum. Algengt hjá íþróttafólki sem hafa tekið stefnuna á þetta eða hitt metið. Að bæta gamalt met sjálfra sín eða annarra sem engum hefur enn tekist verður markmiðið. Öll vinna sem fram fer hjá þessu fólki er til að hreppa þetta hnoss. Fá gullpeninginn um háls sér.

Þótt íþróttamennirnir nú á tímum eigi sér marga áhangendur, eins og áhuginn á íþróttakeppnum sanna hvað gleggst, spilar þessi áhugi almennings ekki stóra rullu fyrir daglegt líf hans. Hann verður áfram sem hingað til að takast á við sín daglegu vandamál og leysa þau sjálfur eða með annarra hjálp. Velgegni íþróttamannsins fær ekki hjálpað honum þar á nokkurn hátt. Dagurinn ber í skauti sínu allt sem í honum er.

Sumt fólk er svo upptekið af íþróttastjörnunni sinni að það þekkir hana jafnvel betur heldur en flest annað í sínu lífi. Stjarnan hins vegar vann sitt til að svala eigin metnaðargirnd, og engu öðru, í sjálfu sér.

Almenningur getur glaðst yfir hinu eða þessu metinu sem viðkomandi íþróttagarpur setti á þessu eða hinu mótinu. Sumir halda reyndar upp á allt slíkt heima. Brátt tekur samt grár hversdagurinn við hjá fólkinu og það verður að taka ákvarðanir eitt og óstutt og án atbeina stjarnanna eins og áður hefur verið sem þó fangar einstaklingin svo mjög. Næsta mót sem fram fer fellir svo átrúnaðargoðið af stalli sínum sem í þetta skipti náði ekki árangri sem skildi og áhangandinn vænti. Einnig sigursveigurinn fölnar með tímanum. Ekkert er eilíft í heimi mannanna og ekki heldur aðdáun. " **Allt er hégómi**" – segir í Prédikaranum.

Í dag eru íþróttir mjög ofarlega á blaði og er oft vitnað í þær sem merki um heilbrigði, og annað álíka. Og má vel taka undir það. En það getur samt gerst að þessar sömu íþróttir veki upp hjá fólki vist þjóðarstolt vegna " afreka strákanna eða stelpnanna þeirra. " En þjóðarstolt er ekki ætíð undir jákvæðum formerkjum.

Skoðum aðeins orðið " Grettistak. " Þetta orð er tengt Gretti Ásmundarsyni og stórum steini sem hann er sagður hafa lyft á sínum tíma. Aðeins sterkustu menn lyfta slíkum þunga. Um slíkt fólk er gjarnan talað sem öfluga, kraftmikla, sterka. Orðið Grettistak gildir þó ekki bara fyrir líkamlega burði manna heldur getur það líka átt við um til dæmis viðskipti og framkvæmdir. Fjármunir, sem sagt, fá lyft sínu Grettistaki.

Afrekin sem Jesús vann eru flest af öðrum toga en flest " Grettistösk " manneskja eru. Skilningur almennings er afrekum er oft annar heldur en Krists. Kristur tók ávallt mið af náunganum í verkum sem hann vann. Náunginn var því aðilinn sem naut góðs af. Keppikefli Krists var að vinna í haginn fyrir bróðir og systir. Eins og að faðma að sér sorgbitna. Sinna fólki sem voru utangarðs í samfélaginu og flestir létu sér á sama standa um. Kristur metur alla menn jafnt og spyr ekki fyrst hver staða mannsins er.

Jesú veit að fólk býr sér miskunnarlaust til vonða menn og góða, upphefur einn á kostnað annars, burtséð frá réttu og röngu. Kristur tekur fráleitt undir svoleiðis búning manna. Afrekið sem vannst á krossinum vitnar um afstöðu hans í þessum málum. Kristur er enn á vappi til að leita hins týnda og hvenær sem hann finnur týnda sál frelsar hann hana.

Hvað sér Kristur svo þegar hann lítur manneskjuna augum? Sköpun Guðs! Enda útsendari skaparans og hingað kominn til að vísa ráðvilltri og vegvilltri manneskju leiðina heim. Afrekið á Golgatahæð opnar hverju mannsbarni veginn til himna. Eina hugsun hans er að gera allt sem unnt er til að opna augu fólks og vinna á sitt band Og það losnar úr hlekkjum Satans og snöru fuglarans. Eina markmið afreksmannsins Jesú Krists er að stuðla að þessu.

Sannleikurinn er að maðurinn hefur engan sannan hirði, ekkert alvöru átrúnaðargoð í sínu lífi nái Drottinn ekki að merkja sér hann. Taki maðurinn ekki við afrekinu sem Jesú vann með dauða sínum á krossinum og upprisu á þriðja degi mun hann hrekjast og berast með hverjum vindgusti sem kemur, og að lokum falla saman undan storminum í sínu eigin lífi. Poppstjarnan, leikaragoðið eða íþróttamannaátrúnaðurinn duga þá skammt til bjargar. Afrekið sem einstaklingurinn leit svo mjög á hjá ímynd sinni og dáðist af reyndist honum sjálfumvera til lítills gagns.

Afrek Jesús er raunverulega það að hann vill gefa mannum trú og traust á sig, sem svo gefur innri frið og ró í ólgusjó lífsins. Skoðum Mattuesarguðspjall:

**" Jesús fór nú um allar borgir og þorp og kenndi í samkundum þeirra. Hann flutti fagnaðarerindið um ríkið og læknaði hvers kyns sjúkdóm og veikindi. En er hann sá mannfjöldann, kenndi hann í brjósti um þá, því þeir voru hrjáðir og umkomulausir eins og sauðir, er engan hirði hafa. Þá sagði hann við lærisveina sína: Uppskeran er mikil, en verkamenn fáir. Biðjið því herra uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar. " ( Matt: 9. 35 – 38 )**

Eina sem Kristur sá voru umkomulausir menn sem þurftu hjálp hans. og á krossinum var sérhver synd mannsins negld og inn kom fyrirgefning. Er til óeigingjarnara afrek heldur en það að fórna eigin lífi fyrir annað fólk til að það eignist góða daga?

Kristur horfði ekki bara á sjálfan sig. Hann mat aðra meira heldur en sitt eigið skinn og við sjáum með því að horfa til krossins.

Gerum okkur einnig grein fyrir öðru: Jesús trúði orðum ritningarinnar sem sögðu að hann mundi rísa upp.

**" Menn þínir, sem dánir eru, skulu lifna, lík þeirra rísa upp. Vaknið og hefjið fagnaðarsöng, þér sem búið í duftinu, því að döggin þín er dög ljóssins, og jörðin skal fæða þá, sem dauðir eru. Gakk þú, þjóð mín, inn í herbergi þitt og lyk aftur dyrunum á eftir þér. Fel þig skamma hríð, uns reiðin er liðin hjá. "** ( Jes: 26. 19 – 20 )

Ganga Jesú á jörðinni innanum alla þessar ráðvilltu, afvegaleiddu og blektu manneskjur sannfærði hann um nauðsýn þess sem átti sér stað á krossinum. Hann þekkti kærleika Föðurins og vissi að hann mundi senda fólkinu huggara og hjálpara eins og Kristur var áður búin að tala um við lærisveinanna, hvort sem þeir skildu orð hans þá eða ekki. Kærleikur Sonarins til Föðurins kláraði svo verkið og stærsta frek mannkynssögunnar varð veruleiki í upprisu Jesú.

Skoðum aftur Mattuesarguðspjall:

**" Upp frá þessu tók Jesús að sýna lærisveinum sínum fram á, að hann ætti að fara til Jerúsalem, líða þar margt af hendi öldunga, æðstu presta og fræðimanna og verða líflátinn, en rísa upp á þriðja degi. En Pétur tók hann á einmæli og fór að átelja hann: Guð náði þig, herra, þetta má aldrei fyrir þig koma. Jesús sneri sér við og mælti til Péturs: Vík frá mér, Satan, þú ert mér til ásteytingar, þú hugsar ekki um það, sem Guðs er, heldur það, sem manna er. "** ( Matt: 16. 21 – 23 )

Þótt sérhvert afrek manna yrði lagt í sameiginlegan pott og metið á eins sanngjarnan máta og möguleiki væri á myndu þau engu að síður fölna andspænis afrekum sem þessi eini maður vann fyrir okkur.

En þrátt fyrir að slíkar staðreyndir blasi við gengur Kristi samt erfiðlega að ná til manna. Ekkert hefur raunverulega breyst. Sem fyrr eru augu manna haldin og blinduð fyrir afreki Drottins. Þótt í þágu þeirra sjálfra sé. Kristur mætir enn heiftúðugri andstöðu og að því sem hann stendur fyrir er vegið úr öllum áttum þótt afrekið gnæfa líkt og píramídi yfir önnur á jörðinni. Hvar er sanngirninn?

Stundum, alloft reyndar, gleymist að segja takk, vel gert. Og – „ þú gefur lífi mínu tilgang. „ -

**" Allt er frá Guði, sem sætti oss við sig fyrir Krist og gaf oss þjónustu sáttargjörðarinnar. Því að það var Guð, sem í Kristi sætti heiminn við sig, er hann tilreiknaði þeim ekki afbrot þeirra og fól oss að boða orð**

sáttargjörðarinnar. Vér erum því erindrekar Krists, eins og það væri Guð, sem áminnti, þegar vér áminnum. Vér biðjum í Krists stað: Látið sættast við Guð. Þann sem þekkti ekki synd, gjörði hann að synd vor vegna, til þess að vér skyldum verða réttlæti Guðs í honum." (2Kor: 5. 18 – 21 )

## Afrek Jesú 3

### Hver vinnur afrekið?

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Afrekin sem menn telja sig vinna eru oft tvíbent og áhöld um hvort raunverulegt afrek hafi verið unnið eða einhver ævintýramennska eða fífldirfska átt sér stað. Ævintýramennska og fífldirfska eiga lítið sameiginlegt með sönnum afrekum þar sem menn jafnvel hætta lífi sínu til bjargar öðru fólki. Hreystiverkum þar sem kærleikur Drottins Jesús er hafður fremst í framkvæmdunum.

En vissulega er til fólk sem afrekar margháttaða hluti sem verður öðrum til blessunar og uppörvunar. En þá ber líka að þakka Drottni slík verk. Hann er höfundur og hvatamaður að öllu góðu í fari okkar manna.

Höfundur langar til að minnast atburðar sem átti sér stað fyrir nokkrum árum um sex kílómetra undan ströndum Vestmannaeyja. Minnast lítilega frækilegs sundmanns sem er mörgum enn í fersku minni. Þessi maður synti langa vegalengt við aðstæður sem engum manni er raunverulega gerlegt í ísköldum sjó, en komst þó í land. Vísindin sanna að menn lifi ekki nema í hæsta lagi tvær, þrjár mínútur í sjó við hitastig sem er aðeins nokkrar gráður í plús. En þrátt fyrir niðurstöður vísindanna, sem ekki er gert lítið úr hér, gerðist hið ómögulega. Maðurinn náði ströndinni eftir marga klukkustunda þreksund. Og er þangað kom þurfti hann að ganga berfættur yfir úfið egghvasst hraun í þessari byggð til að komast undir mannahendur. Þá fyrst vissu landsmenn af slysinu.

Líkt og eflaust mörgum rekur minni til var aðdragandi málsins sá að litlum fiskibát hvolfdi og sökk skammt frá landi. Þrír menn voru í áhöfn bátsins.

Það sem er einkum minnstætt úr fréttum frá þessum tíma er að á meðan báturinn marraði enn í sjónum, með kjölinn upp, og mennirnir þrír húktu vonlitlir á kili kænunnar tóku þeir sameiginlega ákvörðun um að fara með bænina sem Jesús kenndi lærisveinum sínum, Faðir Vorið. Og freista þess næst að synda til lands og raunverulega búnir að afhenta Drottni sín mál. Að bæn lokinni lögðu þrímenningsarnir svo í hann í sínum alvarlegu aðstæðum. En Guði er ekkert um megn og hann heyrir þegar fólk hrópar til hans í neyðinni.



Bæninn sem mennirnir fóru með þarna á kilinum bárust upp til vors Himneska Föður og hann kom þeim til hjálpar. Skilaði einum að landi, til að flytja fólki tíðindin, en tók hina til sín.

Og þegar ljóst var hvað raunverulega hefði gerst á miðunum umrædda nótt og fólk fór að spyrjast frekar fyrir um atburðinn kom sagan um Faðir vorið og bænasvarið með Björgun mannsins fram. Þessi frétt fór vítt og breytt um heimsbyggðina og líka sagan um bænina sem beðin var á kilinum. Bæn í Jesú nafni megni mikið. Rétt eftir að mennirnir yfirgáfu sökkvandi bátinn og hófu sitt sund hvarf fleyið af yfirborði sjávarins og sökk til botns.

Nú spyr eflaust einhver hví Drottinn hafi ekki bjargað öllum mönnum en ekki bara einum. Um það atriði er ekki gott að segja. Menn geta ekki alltaf vitað hví Drottinn vinnur svona en ekki öðruvísi. Eitt er gott að festa sér í minni að vegir Guðs eru ekki mínir eða þínir vegir og hugsanir Guðs ekki mínar eða þínar hugsanir. Samt er tilgangur með öllu sem Drottinn gerir. Drottinn hefur uppi áform um að koma boðskap sínum til skila til sköpunar sinnar sem kallast maður. Til verksins notar hann ýmsar leiðir sem eru ekki alltaf hefðbundnar. Stundum eru brautir Guðs mönnum lítt skiljanlegar. Líka þess vegna þarf maðurinn trú.

Sannleikurinn er að enginn maður getur í sjálfs síns mætti unnið svona afrek nema fá til þess kraft að ofan. Öll skynsemi útilokar allt annað. Engin maður getur synt í nokkra gráðu heitum sjó og lifað af nema annað og meira komi þar til. Aflið og krafturinn sem þarna var til staðar heitir Jesú Kristur sem en einu sinni vann afrek sem engin mannlegur máttur fær gert. Jesú nefnilega elskar fólk. Já líka þig og mig.

Allt sem er þekkt og vitað um getu mannlíkamanns mælir gegn þessu sundi sem átti sér stað er bátnum hvolfdi og sökk. En staðreyndin blasir við og sundið var þreytt við vonlausar aðstæður. En það sem mönnum er um megn megnar Guð. Þess og maðurinn náði til lands. Björgun mannsins úr vonlausum aðstæðum sannar tilvist Drottins Jesú Krists meira en nokkuð annað.

Í Jesajahandritinu er að finna lesningu sem á við ofanritað:

**" Á þeim degi mun maðurinn mæna til skapara síns og augu hans líta til Hins heilaga í Ísrael. Eigi mun hann þá mæna á ölturun, handaverk sín, né líta til þess, er fingur hans hafa gjört, hvorki til aséranna né sólsúlnanna. " (Jes: 17. 7 - 8 )**

Raunverulega er þetta sem gerist þegar menn biðja bæn í Jesú nafni Krists að augu þeirra mæna til Skapara síns. Hinn háleita Guðs Ísraels. Hann einn getur enda hjálpað er í nauðirnar rekur. Nauðirnar gera ekki boð á undan sér og menn hefja daginn með bæn.

Þegar fólk fer með bænina sem Jesú kenndi lærsveinum sínum er það að biðja bæn sem lærisveinar hans á öllum tímum hafa beðið í tvö þúsund ár. En áður en bænin var fyrst flutt opinberlega vildi Jesú áður kenna sínum mönnum þessi mikilvægu atriði:

**" Þegar þér biðjist fyrir, skuluð þér ekki fara með fánýta mælgí að hætti heiðingja. Þeir hyggja, að þeir verði bænheyrðir fyrir mælgí sína. Líkist þeim ekki. Faðir yðar veit, hvers þér þurfið, áður en þér biðjið hann. En þannig skuluð þér biðja: Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn. " - og svo framvegis. ( Matt: 6. 7 – 9 )**

Bænin er í alla staði merkileg, enda hluti af Heilagri ritningu.

Vitaskuld hafa fleiri menn unnið frækileg afrek með hjálp frelsarans.

Frækilegasta björgunin á síðari árum er eflaust björgun Bandarísku þyrlusveitarinnar er björgunarskipið Goðinn, sem lenti í óhappi í Vöðlavík á austfjörðum. Goðinn missti allt afl stutt frá landi í aftakaveðri, strandaði og hafnaði upp í fjöru. Og þar gengu ólmir sjóirnir linnulaust yfir bjargarlaust skipið og mennina. Veðurhæðin á strandstað gerði allar aðstæður björgunarmanna erfiðar. En með þrautseigju og færni Bandarísku áhafnarinnar og nærveru Drottins, tókst að koma mönnunum til hjálpar.

Það sem gerir björgunina við Vöðlavík um haustið eða veturinn árið 1997 svo yndislega er fregnin sem barst um að skipverjar Goðans hefðu samhuga farið með Faðir Vorið eftir að þeir voru komnir upp á stýrishús bátsins og búnir að binda sig við grindverkið uppi. Lífsnauðsýnlegt var fyrir mennina að tjóðra sig við fastan hlut í bátnum til að þeim skolaði ekki útbyrðis þegar þung aldan gekk vægðarlaust yfir fleyið. Að berast burt með öldunni við slíkar aðstæður sem þarna voru merkti fyrir þá dauðann og ekkert annað.

Guð heyrði einnig bænir þessara manna og kom til aðstoðar. Aðferð hans í þetta skipti var að senda þyrlusveit Bandaríska hersins á vettvang. Að björgun lokinni flaug sveitin með útkeyrða, gegndrepa áhöfn Goðans til Neskaupstaðar. Á sjúkrahúsi staðarins fékk hún nauðsýnlega læknishjálp og aðhlynningu. Björgunin Bandarísku þyrlusveitarinnar þar eystra í ofsaveðrinu sem gekk yfir þennan landshluta 1997er merkileg saga og stórfengleg. Sjá má hönd Guðs í verkinu.

Í öllu þessu verki mátti sjá hönd Guðs. Honum ber því allur heiður og lof.

Úr því að verið er að tala um björgunarafrek má ekki gleyma afrekum íslensku þyrlusveitarinnar sem hún vann á árinu 1997. Þetta ár bjargaði íslenska sveitin áhöfn Dísarfellsins, sem fórst í hafi, og flutningaskipsins Vikartinds sem rak

vélarvana upp í fjöru á söndunum nálægt Dyrhólaey. En allir þessir sjómenn voru í bráðri lífshættu og mátti ekki tæpara standa að koma þeim til hjálpar.

Nauðsýnlegt er að þakka honum og heiðra þann sem heiðurinn ber. Jesú er lausnin og bjargvættur mannanna í öllum þeirra aðstæðum.

Og munum eitt! Þætti Drottins verður ekki kastað út þegar björgun manna úr lífsháska er annars vegar. Engin hefur getu né vilja til að bjarga öðrum við oft vonlausar aðstæður nema sá sem elskar fólk nógu mikið til að láta líf sitt fyrir það, Og hann heitir Jesú. Gleymum þó ekki hinu að Drottinn notar fólk til að framkvæma verkið. Hann gefur kraftinn og kjarkinn sem þarf til að verk megi takast vel og fara farsællega. Jesú Kristur er afreksmaður afreksmannanna hvernig sem á málið er litið. Enda Konungur konunga og Drottinn drottna. Guð er að verki í hverjum andardrætti manneskjunnar og þráir ekkert heitara heldur en að leiða hana út úr erfiðleikum og sjá hana blómstra á ný.

Gert í júlí 1997

Endurgert 3 nóvember 2010